

From: Svavar Garðarsson <senior@simnet.is>

Sent: 18.08.2021 11:58:15

To: Sveitarstjóri Dalabyggð ;Eyjólfur Ingvi Bjarnason ;skuligudbjornsson@gmail.com <>;Þuríður Jóney Sigurðardóttir ;Einar Jón Geirsson ;ragnh.pals <>;siggahuld@gmail.com <>;Pálmi Jóhannsson

CC: Þórður Már Sigfússon <skipulag@dalir.is>;byggingafulltrúi@strandabyggd.is <>;Slökkviliðsstjóri Dalabyggð <slokkvilid@dalir.is>;vifl <vifl@simnet.is>

Subject: Hvað hefur sveitarstjórnin gert síðan.

Til Sveitarstjórnar Dalabyggðar
Miðbraut 11
Búðardal.

Vegna undirbúnings kvörtunar til viðeigandi stofnunar út af sinnuleysi Heilbrigðiseftirlits Vesturlands tengt úrlausn kvartana, annars vegar vegna stórra olútanka ofanjarðar til margra ára og hins vegar vegna bílhræjanna á Gunnarsbraut 6 til áratuga.

Ég sendi Dalabyggð tölvupóst vegna Gunnarsbrautar 6. þann 2. ágúst 2019 og er afrit hans hér: Kæra sveitarstjórn Dalabyggðar.

Meðfylgjandi er rúmlega eins árs gamall tölvupóstur sem sveitarstjórnarfólk hefur hundsað, þrátt fyrir margar ítrekanir síðan. Nú er tíminn að renna út. Þetta dæmalaus sinnuleysi hef ég nú þegar kynnt fyrir Samtökum íslenskra sveitarfélaga, lögræðingur þar hefur leiðbeint mér um hvaða stofnunar ég skuli leita til með þetta erindi.

Eftir 14. ágúst 2019 verður þetta sent þangað sem mér var leiðbeint um að gera ef ekki verður fyrir þann tíma augljóst að vinna sé í gangi sem miðar að því að fjarlægja bílhræin.

Til fróðleiks eru hér afritaðar línur úr skrifum sveitarstjóra Strandabyggðar Þorgeirs Pálssonar til íbúanna frá 19 júlí sl.

Það verður hins vegar allt sett á fulla ferð aftur eftir sumarfrí og lokun og við munum þá sjá næstu skref í umhverfisáttakinu, sem eru að fjarlægja þá bíla sem Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða merkti fyrr í sumar, http://www.strandabyggd.is/frettir/Stada_ymissa_verkefna/

Bestu kveðjur.
Svavar Garðarsson.

Ég sendi Dalabyggð tölvupóst vegna olútankanna þann 25.11 2020 og er afrit hans hér: Komið þið sælir viðtakendur.

Eftir langvinna og hægginga baráttu sveitarstjórnarfólks og ýmissa embættismanna var olútankur Skeljungs ofanjarðar á lóð KM. þjónustunnar í Búðardal loksins fjarlægður. En hvert fór hann, hefur einhvert ykkar svar við því, ef ekki þá er hann enn í dag í fullri notkun bara á annari lóð skammt frá. Tankurinn er ekki í geymslu þar, þá væri hann ekki tengdur rafmagni, en ef hann væri í geymslu og samt tengdur rafmagni, hvers vegna koma þá alltaf nýjar tölur daglega á skjáinn sem sýna að hundruðum lítra er dælt af honum.

Tankurinn er án leyfis og staðsettur á malarplani eins og hann var hjá KM þjónustunni. Tankurinn er 170 cm á hæð og 500 cm á lengd sem þýðir að hann tekur um 11,350 lítra af dísil olíu. Til þess að leyfi fáiast fyrir olútank ofanjarðar á lóð þá má hann ekki taka meira en 4000 lítra, þessi tankur er því nálægt því að vera þrisvar sinnum stærri en leyfilegt hámark, þess vegna getur ekki verið leyfi fyrir honum.

Er ofangreint blekkingaleikur gagnvart ykkur af hálfu Skeljungs og/eða verktakans viðskiptavinar Skeljungs. Alla vegana er þarna ekki nýtt mál á byrjunarreit heldur þarf að fullnusta mál sem hófst fyrir of löngu síðan. Umsókn um leyfi fyrir þennan tank er óþörf þar sem tankurinn er langt yfir því hámarki sem leyfi fæst fyrir. Svo spyr maður sig hvers vegna er búin til tankur sem hvergi má vera.

Olíutankurinn merktur við áfyllingarstút 10.000 ltr.

Hér kemur svo afrit úr tölvupósti frá 7. sept.sl.

Ofanjarðar tankana hjá Skeljungu við KM þjónustuna og Olís hjá Vinbúðinni þarf að fjarlægja og gera að alvöru afgreiðslu. Það hefur oft verið rætt hjá stofnunum og nefndum Dalabyggðar að tankarnir verði ekki liðnir ofanjarðar svo gerist ekkert, engin eftirfylgni og lopinn teygður endalaust. Þó Olís tankurinn sé á steypu plani þá er engin olúgildra þar, eingöngu sandgildra, olía sem læki þar flyti ofan á vatninu í sandgildrunni og færi beint í skolplagnakerfið

Gagnlegar slóðir til leiðbeiningar:

<http://www.mannvirkjastofnun.is/library/Skrar/Byggingarsvid/Leidbeiningarblod/MVS%20194%20BR2%20Plasttankar%20fyrir%20dieselol%C3%ADu.pdf> Útgefið 2007

<http://www.mannvirkjastofnun.is/library/Skrar/Byggingarsvid/Leidbeiningarblod/9.6.4%20Ol%C3%ADu%20geymar%20og%20ol%C3%ADuskiljur%20-%202.1.pdf> Útgefið 2018

Kveðja.
Svavar Garðarsson
Búðardal.

Spurningin til Sveitarstjórnar Dalabyggðar er þessi: Hvað hefur Sveitarstjórnin gert og hvenær til að fylgja þessum málum eftir gagnvart Heilbrigðiseftirliti Vesturlands frá því að ofangreindir tölvupóstar voru sendir. Svarið þarf að þola að verða opinbert ef allt um þrýtur, ef ekkert svar berst tefur það ekki framgang næstu skrefa að minni hálfu.

Kveðja.
Svavar Garðarsson